

Hvað hefur breyst?

Ráðstefna um breytingar á regluverki fjármálamarkaða á Íslandi, í Evrópu og Bandaríkjunum í kjölfar fjármálakreppunnar



Hvað hefur breyst?

Hvað hefur breyst?

DAGSKRÁ

Setning Birna Einarsdóttir, formaður stjórnar SFF

Hvað hefur breyst? Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar Háskóla Íslands og einn höfunda, kynnrir efni skýrslunnar

Ávarp ráðherra Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Pallborðsumræður

Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar HÍ

Ásta Þórarinsdóttir, stjórnarformaður FME

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Pallborðsumræðum stjórnar Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins



Hvað hefur breyst?

Hvað hefur breyst?

Ásgeir Jónsson

Dósent og deildarforseti Hagfræðideildar Háskóla Íslands



Hvað hefur breyst?



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

DREPIÐ Á DAUÐANS DYR

- Gjaldprot Lehman Brothers mánudaginn 15. september 2008 kallaði fram verstu fjármálakreppu frá upphafi vega.
- Fimm fjármálastofnanir í BNA urðu greiðsluprota um svipað leyti.
 - Fannie Mae, Freddie Mac, AIG, WaMu og Wachovia.
- Tuttugu bankar í Evrópu urðu einnig greiðsluprota og nánast öll Evrópuríki urðu að grípa til stuðningsaðgerða.
 - T.d. Danske Bank, Fortis, HYPO, Anglo-Irish, RBS, HBOS og svo framvegis.
- Þrír bankar féllu – á Íslandi.
- Ljóst að heimurinn yrði ekki samur eftir þetta.



Hvað hefur breyst?

VIÐBRÖGÐ VIÐ KREPPUNNI

- Tvær hættur stafa að bönkum:
 - Krabbamein – eiginfjárvandræði
 - Hjartaáfall – lausafjárvandræði
- Verkaskipting á milli Seðlabankans og fjármálaráðuneytis:
 - Seðlabankar hafa prentvald (**printing power**) og geta prentað peninga og lána bönkum í neyð með veði.
 - Fjármálaráðuneytið hefur sköttunarvald (**taxing power**) og getur lagt fjármuni skattgreiðenda að veði og lagt nýtt eigið fé í viðskiptabanka í eiginfjárvandræðum, keypt af honum eittraðar eignir eða veitt ábyrgðir.
- Bankar sem eiga bæði við eiginfjárvanda og lausafjárvanda að etja verða að leita ásjár hjá bæði Seðlabanka og fjármálaráðuneyti.



Hvað hefur breyst?

ÞVERBRESTIR Í FJÁRMÁLAKERFI HEIMSINS

(LAROSIÉRE SKÝRSLAN 2009)

- Þjóðhagslegar ástæður
 - Lág vaxtastig og aðhaldslítil peningastefna
- Áhættustýring
 - Skortur á gagnsæi og yfirsýn
- Lánshæfismatsfyrirtæki
 - Kerfisbundið vanmat á áhættu – s.s. hvað varðar skuldavafninga.
- Stjórnarhættir
 - Veik staða hluthafa gegn framkvæmdastjórn
- Eftirlitsaðilar og reglusmiðir
 - Gáleysi varðandi kerfisbundna áhættu
- Veikleikar í alþjóðlegu samstarfi.
 - Samráðsvettvangar ekki nýttir – s.s. AGS, FSB og G20



Hvað hefur breyst?

Að byrgja brunninn



Hvað hefur breyst?



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

ENDURSKOÐUN Á BASEL-STADÐLINUM

- Núverandi reglur hertar
 - Kröfur um hærra eiginfjárhlutfall, breytt áhættuvægi og svo framvegis
- Dæmi um þrjá nýja áhættumælikvarða:
 - **Vogunarhlutfall (e. leverage ratio)** sem er ætlað að draga úr skuldsetningu eða gírun fjármálakerfisins
 - **Lausafjárhlutfall (e. liquidity coverage ratio)** sem er ætlað að tryggja lausafjáreign bankastofnana
 - **Hlutfall stöðugar fjármögnunar (e. net stable funding ratio)** sem er ætlað að draga úr tímamisvægi á milli eigna og skulda.
- Þetta hefur verið tekið upp beggja vegna Atlantshafsins.



Hvað hefur breyst?

AÐGERÐIR Í BANDARÍKJUNUM

- Þó áfallið hafi verið sameiginlegt eru skiptar skoðanir á milli landa hvað fór nákvæmlega úrskeiðis og hvernig eigi að bregðast við.
- **Bandaríkin:** Vandamálið fasteignabóla, sem var fóðruð með flóknum fjármálaafurðum.
- Brugðist við með Dodd-Frank lögum frá 2010.
 - Áhersla á hert eftirlit með afleiðum, vafningum og skuggabankastarfsemi.
 - Síðustu leifar Glass-Steagall laga um aðskilnað viðskipta- og fjárfestingabanka felldar niður.
 - Reynt að koma í veg fyrir að ríkisstryggðar innstæður séu notaðar til áhættutöku með sk. Volcker-reglu.



Hvað hefur breyst?

AÐGERÐIR Í BRETLANDI

- **Bretland:** Vandinn var ofvöxtur alþjóðlegrar bankastarfsemi, sem nýtur óbeinnar ríkisábyrgðar og skapar mikla þjóðhagslega áhættu
- Brugðist við með skýrslu og tillögum frá sk. Vickers-nefnd.
 - Áhersla á aflétta ríkisábyrgð á stórum og/eða alþjóðlegum aðilum á fjármálamarkaði.
 - Aðeins heimili og lítil fyrirtæki eiga að vera í skjóli ríkisins.
 - Stórir bankar eiga að girða af tryggðar innistæður á heimamarkaði samhliða auknum eiginfjárkröfum.



Hvað hefur breyst?

AÐGERÐIR Á EES SVÆÐINU

- **Meginland Evrópu:** Vandamálið var gríðarleg skuldabréfaútgáfa banka með óbeinni ríkisábyrgð samhliða samþæfingarleysi innan hins evrópska markaðar.
- Brugðist við eftir tillögum frá sk. Liikanen-nefnd.
 - Áhersla á eftirgefanleg skuldabréf (bail-in bonds) til þess að ná fram forgangi innistæða.
 - Viðbragðsáætlanir um endureisn og slitameðferð ef fjármálastofnanir lenda í vandræðum.
 - Innlánastarfsemi stórra alþjóðlegra fjármálafyrirtækja skilin frá eigin viðskiptum og ákveðinni fjármálastarfsemi.
 - Starfsemi fjármálafyrirtækja endurskoðuð frá hvirfli til ilja.



Hvað hefur breyst?



SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

ÁHRIF ÍSLANDS Á EVRÓPULÖGGJÖF?

- **Skilameðferðartilskipunin (BRRD)**

- Setur innlán í forgang og setur kröfur innstæðutryggingarsjóða enn framar í forgang.
- Heimilar Skilavaldinu að taka (skyndi)ákvörðun um eftirgjöf (bail-in) eftirgefánlegara skulda.
- Heimilar Skilavaldinu að setja reglur um lágmark eftirgefánlegra skulda, þ.e. takmarkanir á veðsetningu til að tryggja að nægar eftirgefánlegar skuldir séu til staðar til að endurreisa eiginfé fyrirtækis.



Hvað hefur breyst?

Aðgerðir á Íslandi



Hvað hefur breyst?

AÐGERÐIR Á ÍSLANDI

- Hægt að skipta breytingum á fjármálareglugerðum í þrjá flokka
 1. Neyðarráðstafanir til að bregðast við áfallinu í október 2008.
 2. Fyrstu umbætur, m.a. með hliðsjón af skýrslu Karlo Jännäri frá 2009 um veikleika íslenska fjármálakerfsins og nefndar viðskiptaráðherra um sama efni.
 3. Innleiðing á tilskipunum ESB.



Hvað hefur breyst?

NEYÐARRÁÐSTAFANIR

- Kjarni neyðarráðstafana snerist um að auka valdheimildir Fjármálaeftirlitsins til að grípa inn í rekstur fjármálafyrirtækja.
- Neyðarlögin veittu heimild til þess að stofna nýja banka, taka við stjórn fjármálafyrirtækja, framselja eignir og skuldir ofl.
- Innlánnum skipað í forgang við slit fjármálastofnana.
- Á grundvelli þessa voru nýju bankarnir stofnaðir með innlánnum frá gömlu bönkunum í október 2008.



Hvað hefur breyst?

TILLÖGUR AÐ UMBÓTUM

- Reglur þrengdar um stórar áhættur og viðskipti við tengda aðila, sett ákveðnari skilyrði um stjórnarhætti, ábyrgð innri endurskoðunar aukin, hertar kröfur um störf og hæfi stjórnarmanna og 5 ára hámarkstími ytri endurskoðanda.
- Gerðar voru auknar kröfur um áhættustýringu fjármálafyrirtækja, bann sett við lánveitingum með veði í eigin hlutabréfum, tekin upp skuldbindingaskrá yfir stærri lánveitingar, reglur um kaupauka og eftirlitsheimildir FME auknar.



Hvað hefur breyst?

DÆMI UM BREYTINGAR VEGNA EVRÓPUREGLNA

- Takmarkanir á áhættu á tilteknum sviðum svo sem í fasteignalánnum og verðbréfavíðskiptum.
- Kröfur auknar gæði og magn eigin fjár.
- Styrking á innstæðutryggingakerfinu og settar reglur um slitameðferð til að draga úr líkum á því skattfé almennings þurfi til björgunar fjármálafyrirtækjum.
- Lagfæringar á ýmsum innviðum – s.s. starfsemi lánshæfisfyrirtækja, reglur um skortsölu, reglur um miðlæga uppgjörsaðila og afleiðuviðskiptaskrár.
- Hluti af þessum reglum er enn í innleiðingarferli



Hvað hefur breyst?



SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Til framtíðar



Hvað hefur breyst?

FJÁRMÁLAPJÓNUSTA ER EKKI EINKAMÁL

- Fjármálafyrirtæki eru milliliðir sem miðla fjármagni.
- Kvaðir og gjöld hljóta að auka kostnað notenda — sem kemur fram sem hærri vaxtamunur og þjónustugjöld eða verkefni færast til annarra aðila
- Fjármálaleg milliganga er ekki einkamál — hvorki þeirra sem reka þessa þjónustu né þeirra sem nýta sér hana vegna þess kostnaðar sem hún getur valdið þjóðfélaginu.
- Hún felur í sér freistnivanda
- Röksemdin fyrir sérstökum sköttum og kvöðum er að hindra að kostnaður vegna þessarar milligöngu lendi á skattborgurum eða þjóðfélaginu í heild.
- Aftur á móti þurfa menn að hafa einhverja heildarsýn um kostnað og ábata þegar teknar eru ákvarðanir um íþyngjandi reglusetningu.



Hvað hefur breyst?



SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

VÖGGUGJÖF NÝJU BANKANNA

- Hin sérstaka skattlagning var vöggugjöf nýju bankanna sem var réttlætt með því að ríkissjóður hafi orðið fyrir miklum búsifjum.
- Það felur í sér að nýju bankarnir eru látnar bera kostnað vegna þeirra gömlu.
- Kröfuhafar gömlu bankanna hafa greitt verulegar fjárhæðir til ríkissjóðs sem stöðugleikaframlög vegna uppgjors slitabúa og ýmissa annarra skatta sem áður voru komnir fram.
- Fyrir vikið hefur ríkissjóður endurheimt allan beinan útlagðan kostnað vegna bankahrunsins.
- Það hlýtur að vera tilefni til þess að endurskoða hina sérstöku bankaskatta þegar upphaflega röksemdin fyrir þeim er brostin.
- Ýmsir skattar á fjármálafyrirtæki eru í deiglu erlendis – en þeir eru samt sem áður bæði færri og lægri en þekkist hérlendis.



Hvað hefur breyst?

ÞRISVAR SINNUM HÆRRI SKATTAR

- Íslenskir fjármálastofnanir greiða hærri gjöld en þekkist erlendis. Hér ber sérstaklega að nefna þrjá skatta;
 1. Sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki er nemur 0,376% af skuldum umfram 50 milljarða.
 2. Fjársýsluskatt er nemur 5,5% af heildarlaunagreiðslum fjármálafyrirtækja
 3. Sérstakan fjársýsluskatt sem er 6% viðbótartekjuskattur, eða annað skattþrep tekjuskatts á fjármálafyrirtæki, sem leggst á hagnað umfram 1 milljarð.
- Heildarskattgreiðslur starfandi fjármálafyrirtækja vegna þessara þriggja skatta eru nú um 15 milljarðar króna.
- Þá er iðgjald í Tryggingasjóð innstæðueigenda mun hærra en í öðrum löndum EES.
- Loks bætist við gjaldtaka vegna reksturs FME og embættis umboðsmanns skuldara.
- Samanlagt má ætla að gjöld fjármálafyrirtækja séu um þrisvar sinnum hærri hér á landi en í nágrannaríkjum sem hlutfall af landsframleiðslu.



Hvað hefur breyst?

ENDURBÆTUR AÐ UTAN

- Frá árinu 2008 hafa átt sér stað mjög róttækar breytingar á rekstrarumhverfi fjármálastofnana samhliða því að nýir bankar hafa verið reistir á grunni þeirra gömlu.
- Um 40 viðamiklar tilskipanir hafa tekið gildi á EES-svæðinu frá 2008 sem snerta flesta þætti í rekstri fjármálafyrirtækja. Einnig er Ísland aðili að hinum sameiginlega evrópska fjármálamarkaði og tekur því upp reglubreytingar ESB um fjármálafyrirtæki.
- Allar þessar helstu reglubreytingar hafa þegar verið innleiddar héraendis eða eru í innleiðingarferli.
- Þessar breytingar hafa verið framkvæmdar í samvinnu og með fullu samþykki allra aðila á íslenskum fjármálamarkaði.
- Jafnframt ríkir full sátt um að þessari stefnu skuli haldið til framtíðar.



Hvað hefur breyst?

VAR GENGIÐ OF LANGT?

- Sú umræða hefur kviknað erlendis að of langt hafi verið gengið í reglum og kvöðum á fjármálastarfsemi
 - sem meðal annars birtist í skertu aðgengi almennings og fyrirtækja að lánsfé og auknum kostnaði.
- Það hafi síðan hægt á fjárfestingu og hagvexti og sé ein helsta orsök mjög hægs efnahagsbata í álfunni og atvinnuleysi.



Hvað hefur breyst?

SÉRÍSLENSKAR LAUSNIR?

- Íslenskar fjármálastofnanir búa nú við þrengri starfsramma en þekkist í nágrannalöndunum.
- Það hlýtur að leiða til þess að fjármálaþjónusta verður dýrari en þekkist erlendis.
- Hugsanlega má rökstyðja það að einhverju leyti með vísan til þess hve fjármálakerfið og myntsvæðið er lítið og næmt fyrir þjóðhagslegum og fjármálalegum óstöðugleika.
- Sá rökstuðningur þarf þá að liggja skýr fyrir og hann þarf að ræða á faglegum grundvelli með vísan í þjóðhagsvarúð.



Hvað hefur breyst?

Hvað hefur breyst?

PALLBORÐSUMRÆÐUR

Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar HÍ

Ásta Þórarinsdóttir, stjórnarformaður FME

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar — græns framboðs

*Pallborðsumræðum stjórnar Ásdís Kristjánsdóttir,
forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.*



Hvað hefur breyst?